

Fréttatilkynning:

Árlegt málþing Félags- og mannvísindadeildar Háskóla Íslands verður haldið á Háskólatorgi stofu HT 103 á bóndadag, föstudaginn 25. janúar kl 15.00 – 16.30 Yfirskrift málþingsins er:

Raddir og þöggun: Staðbundinn og hnattrænn margbreytileiki

Að loknum erindum munu doktorsnemar í Félags- og mannvísindadeild vera með hugleiðingar

Upplýsingar um fyrirlesara og fyrirlestra:

Unnur Dís Skaptadóttir prófessor í mannfræði: *Margbreytileg staða og reynsla innflytjenda.*

Innflytjendum hefur fjölgað mikið á Íslandi á síðasta áratug og þeir koma víða að. Í fyrirlestrinum verður velt upp spurningum um stöðu þeirra og reynslu út frá hugmyndum um skörun og þverþjóðleg tengsl. Staða þeirra og reynsla í nýju landi mótast af ólíkum þáttum eins og uppruna, kyni, trú, menntun og tengslum við upprunaland. Tekin eru dæmi úr rannsóknum meðal innflytjenda á Íslandi til að varpa ljósi á þessar spurningar.

Terry Gunnell prófessor í þjóðfræði: *Um innflytjendur og huldufólk.*

Fyrirlesturinn fjallar um “menningarlega fíringu” og byggir á viðtölum við innflytjendur frá “framandi menningarsvæðum” árin 2000-2003. Því er varpað fram hvort innflytjendur og menning þeirra sé minna hulin fyrir Íslendingum í dag en hún var á þessum tíma, eða hvort menning þeirra sé orðin hluta af íslenskri menningu.

Guðbjörg Vilhjálmisdóttir prófessor í náms- og starfsráðgjöf: *Raddir notenda.*

Sagt er frá norrænni rannsókn um það hvernig fullorðnir notendur meta náms- og starfsráðgjafarþjónustu. Sjónum verður sérstaklega beint að því hvað útlendir og innlendir notendur segja um þjónustuna. Eitt af því sem kemur í ljós er að útlendir notendur fá oftast aðstoð við að finna starf en innlendir, en fá síður aðstoð við að uppgötva hæfileika sína eða efla sjálfstraust sitt.

Hanna Björg Sigurjónsdóttir dósent í fötlunarfræði: *Þið hafið orð til að lýsa mér.*

Í gegnum tíðina hefur fötlun verið skilin og skilgreind sem andstæða þess sem þykir „heilbriggt“ og „eðlilegt“ sem hefur orðið til þess að í félagslegum samskiptum krefst fatlaði líkaminn frásögu sem inniheldur bæði afsökun og útskýringu á því hvers vegna hann er öðruvísi en aðrir líkamar. Í erindinu verður fjallað um hvernig fatlað fólk hefur, ögrað þessum þrönga skilningi vestrænnar vísindahyggju í gegnum sjálfsmyndasköpun, sjálfsmyndapólitík og fötlunarlist.

Stefanía Júlíusdóttir lektor í bókasafns og upplýsingafræði: *Áhrif miðlunarmenningar á atvinnuþróun.*

Varpað er fram spurningunni: Hvað veldur því að sumar þjóðir komast betur af en aðrar? Í örstuttu máli er svar Jared Diamond's við henni rakið. Í þessu sambandi er EET kenning

Lenski's um þróun þjóðfélaga nefnd, svo og miðilskenning Meyrowitz um að einn þeirra þátta sem stuðlað geta að byltingarkenndum þjóðfélagsbreytingum sé tilkoma nýs miðils. Þá er mikilvægi hugarfars í þessu sambandi nefnt.

Þorbjörn Broddason prófessor í félagsfræði: Örmiðlar í sókn og vörn

Nýjungar í boðskiptum hafa jafnan markað djúp spor í samtíð sína hverju sinni. Í samræmi við það hafa þau valdið miklu umróti og vakið sterk viðbrögð ráðandi afla og almennings. Bjartsýnismenn hafa séð gullin tækifæri í hillungum til eflingar menningu, menntun og lýðræði en svartsýnisfólkið hefur óspart málað á vegginn skratta ómenningar, vitsmunaflatneskju, afsiðunar og múgræðis. Vikið verður að örfáum þáttum internetbyltingarinnar og leitast við að meta þá í ljósi sögulegra hliðstæðna.

**Í anda bóndadags verður boðið verður uppá kaffi og flatbrauð um kl. 16.30
Allir velkomnir!**